

12. Frumvarp

til laga um viðauka við námulög nr. 50, 30. júlí 1909.

(Lagt fyrir Alþingi 1927).

1. gr.

Nú hefir maður fengið málmgraftarbrjef á svæði, sem ríkið hefir ekki látið gera uppdrátt af og enginn fullkominn uppdráttur er til yfir, og er honum þá heimilt að fresta að senda lögreglustjóra beiðni um útmælingu þangað til ríkissjóður hefir látið gera slíkan uppdrátt af námusvæðinu eða uppdrátturinn er fenginn á annan hátt.

Áður ár er liðið frá því er uppdráttur var gerður samkvæmt 1. málsg. og allir eiga kost á að fá hann, skal sá, er málmgraftarbrjef hefir, hafa beiðst útmælingarinnar, að viðlögðum missi finnandarjettarins. Þegar slíkur uppdráttur er fyrir hendi er lögreglustjóra heimilt að láta af hendi útmælingarbrjef eftir uppdrættinum, án þess að fara á staðinn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 12. og 13. gr. námulaganna er lögreglustjórum gert að skyldu að mæla málmfundarmönnum allstóra námuteíga, sem skulu mældir

eftir flatarmáli og er svo ákveðið í 12. gr., að útmælingarbeiðandi láti lögreglustjóra í tje »naúðsynleg áhöld og aðstoð«.

Nú liggja námur oft í fjallendi og fjarri bústöðum lögreglustjóra og er því dýrt að fá útmælinguna framkvæmda, en oftast vandsjeð hvort nokkuð er í aðra hönd. Auk þess mun oft mjög dýrt að útvega mælingamann, sem lögreglustjóri tekur gildan. Það getur því farið svo eftir gildandi lögum, að málmfundarmaður missi rjett sinn, af því að hann getur ekki kostað til, því sem þarf til þess að viðhalda rjettinum. En það sýnist ekki vera sanngjarnt og er frv. þetta borið fram til þess að ráða bót á þessu.